DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr: 2509 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 31. júlí 2019

selfoss@prentmet.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Viðhaldsvinnu við Ölfusárbrú miðar vel

Fyrirtækið Verkvík-Sandtak hefur í sumar séð um að sandblása og mála neðri hluta Ölfusárbrúar, eins og mörgum er eflaust kunnugt. Að sögn Gunnars Árnasonar, forstjóra Verkvíkur-Sandtaks hefur verkefnið gengið með besta móti.

„Verkinu miðar vel áfram og við höfum ekki orðið fyrir neinum töfum. Við erum rétt rúmlega hálfnaðir með sandblásturinn og fyrsta málningargrunninn. Sandblæstrinum lýkur um miðjan ágúst og þá minnkar allt ryk og hávaði sem óhjákvæmilega hlýst af því. Þá er eftir málningarvinna sem við reiknum með að vera í síðasta lagi búnir með í byrjun september.

Aðspurður um ástand brúarinnar segir Gunnar: „Brúin er að okkar mati í býsna góðu standi miðað við aldur. Hún hefur verið vel gerð í upphafi og er lítið sem ekkert farin að láta á sjá.“

Þegar hugmyndir bæjarbúa um að skipta um lit á brúnni voru bornar undir Gunnar segist hann hafa fengið veður af þeirri umræðu. „Það væri auðvitað gaman að setja nýjan lit á brúna og mögulega verður það gert einhvern tímann en það er auðvitað Vegagerðin sem ræður því,“ segir Gunnar að lokum. *-gpp*

Flúðir um Versló 2019

Bæjar- og fjölskylduhátíðin Flúðir um Versló 2019 verður haldin á Flúðum um verslunarmannahelgina. Mikið verður um dýrðir en markmiðið er að öll fjölskyldan geti komið saman og notið samveru í fallegu umhverfi. Fjölbreytt dagskrá verður alla helgina frá morgni til kvölds.

Á föstudagskvöld verður í félagsheimilinu PubQuiz, Pálmi Gunnarsson og hljómsveit, Hildur, Bríet og Aron Can. Á laugardag verða Sprell leiktæki, markaðir og barna- og fjölskylduskemmtun í Lækjargarði. Einnig BMX Brós, traktorstorfæra, Eyþór Ingi og Hreimur og Made in Sveitin. Á sunnudag verður Leikhópurinn Lotta, furðubátakeppni, brenna og brekkusöngur og Stuðlabandið í félagsheimilinu. Aldurstakmark á tjaldsvæði er 23 ár og fæðingarár gildir. *-ög*

Nýjar einingar við Álfheima komnar á Selfoss

Miðvikudagskvöldið 24. júlí sl. voru nýjar einingar við Leikskólann Álfheima á Selfossi, sem smíðaðar voru á Stokkseyri, fluttar upp á Selfoss á vörubílum. Ferðin gekk ljómandi vel að sögn bílstjóranna tveggja sem þræddu þröngar göturnar á Selfossi með húsin á vögnunum án nokkurra vandamála. *-gpp*

Fjör í fótbolta

Um 45 stelpur úr 5., 6. og 7. flokki Knattspyrnufélags Rangæinga tóku þátt í Símamótinu sem fram fór í Kópavogi 11.–14. júlí sl. Bæði liðin úr 7. flokki unnu sinn riðil og fengu því bikar.

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför ástkærs eiginmanns,
föður, tengdaföður, afa og langafa

Gústafs Óskarssonar,
kennara,
Réttarheiði 43, Hveragerði.

Kristbjörg Markúsdóttir
Ólafur Jón
Ragnheiður Helga
Ósk
Hans
Áróra
Óðinn
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

ÁGÚSTFERÐ FEB Á SELFOSSI

Ágústferð FEB á Selfossi verður farin miðvikudaginn 14. ágúst 2019. Brottför frá Grænumörk kl. 9. Áætluð heimkoma kl. 18. Farið verður í Mýrdal undir leiðsögn Óskars Hafsteins Ólafssonar sem er fjölfróður um viðkomustaði. Í bakaleiðinni verður komið við í Skógasafni þar sem fólk hefur frjálsan tíma. Kjötsúpa, brauð og kaffi í Vík í hádeginu.

Verð 6500 krónur greiðist í rútu við brottför. Innifalið er rúta, leiðsögn, hádegisverður og aðgangur í Skógasafn.

Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 10. ágúst nk. til Helgu Guðrúnar í síma 894 2370, Helga í síma 860 7032 eða Þorgríms Óla í síma 698 3100.

Skráningarblað er einnig í Grænumörk 5.

(Þátttakendur eru á eigin ábyrgð í ferðinni og ferðanefnd áskilur sér rétt til að breyta auglýstri dagskrá ef óvænt atvik koma upp).

Hrós vikunnar

Margrét Guðjónsdóttir
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Margrét Guðjónsdóttir

Hrós mitt fær Elín Hjartardóttir Stolzsenwald, Nestúni, Hellu fyrir mikla þrautseigju og sjálfsrækt. Hrósið fær hún ekki síður fyrir störf sín með Flugbjörgunarsveitinni á Hellu og svo ætlar hún að hlaupa fyrir Alzheimersamtökin í Reykjavíkurmaraþoni þann 24. ágúst nk. Áfram kæra vinkona, Elín Hjartardóttir Stolzenwald #1563a.

Margrét Guðjónsdóttir

Ég vil skora á Jónu Sigþórsdóttur á Skíðbakka 2 í Landeyjum að koma með næsta hrós.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Jóna, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

Þetta er að mörgu leyti hjartað í þorpinu

Margir þekkja gildi þess að hafa gott félagsheimili í nágrenninu en Félagsheimilið Staður á Eyrarbakka skipar stóran sess í þorpinu við ströndina. Húsið sjálft á sér drjúga sögu sem vert væri að rekja. Það verður þó að bíða betri tíma. Þau Elín Birna Bjarnfinnsdóttir og Ingólfur Hjálmarsson hafa tekið við umsjá hússins úr hendi Siggeirs Ingólfssonar, sem séð hefur um staðinn fyrir Svf. Árborg undanfarin 7 ár. Dagskráin leit við í snarpheitt kaffi og spjall við þau Ingólf og Elínu um nýjan vettvang og starfsemina í húsinu.

Ákváðu að snúa bökum saman

„Þegar það kom upp að Siggeir ákvað að láta af starfinu hafði ég áhyggjur af því að þetta myndi deyja út og drabbast niður. Hér koma til dæmis nokkrir karlar úr þorpinu í morgunkaffi til að spjalla og skrafa. Það hugnaðist mér ekki að horfa á eftir þessu. Þá fór ég að láta það hvissast út að ég hefði áhuga á því að taka við keflinu. Það kom svo upp úr dúrnum að Elín hafði líka hug til þess sama. Hún kemur svo með þá hugmynd að sækja um þetta saman. Mér leist strax vel á það. Við ákváðum því að fara í samstarf í stað þess að slást um þetta og það er heillaspor finnst mér," segir Ingólfur kíminn. „Starfið er þess eðlis að viðveran er mikil og þá er gott að geta skipt því á milli sín. Stundum er eitthvað hér alla vikuna og jafnvel veislur eða einhver hátíðarhöld um helgar og því væri maður talsvert bundinn. Þetta er því mjög gott fyrirkomulag að fara í þetta saman enda starfið nokkuð umfangsmikið," segir Elín.

Hefur heilmikið gildi fyrir samfélagið

Ymis starfsemi er í húsnæðinu en krakkar úr Barnaskólanum á Eyrarbakka fara m.a. í íþróttir í íþróttasalnum. Þá eru haldnar veislur, þorrablót, skemmtanir og svo mætti lengi telja. „Þetta hús kemur við sögu hjá flestum íbúum á hvaða aldri sem þeir eru. Hér eru eldri borgarar með Boccia og þá hafa verið haldin böll hér langt fram á nótt, svo kemur yngsta kynslóðin í íþróttir hér á veturna. Þetta er samkomuhúsið á staðnum og er að mörgu leyti hjartað í þorpinu," segja þau aðspurð um mikilvægi þess að hafa hús sem þetta í samfélaginu.

Margar hugmyndir og góður grunnur

Aðspurð um hvort áherslu breytingar á rekstrinum séu framundan segir Ingólfur rétt að fara varlega í allar slíkar yfirlýsingar. Það séu ýmsar hugmyndir uppi. Það er að heyra á þeim Elínu og Ingólfi að væntingar til aukinna umsvifa hússins samfélaginu til góða séu framarlega á listanum. „Eins og við komum inn á áður koma hérna karlar sem hittast til skrafs og ráðagerða alla morgna. Það er gulls ígildi að hafa svona samastað fyrir þorpið. Ef hægt væri að útvíkka þetta og bjóða ferðamönnum upp á slíka þjónustu hér er líklegt að það skili sér til samfélagsins með þeim hætti að þeir lengi stoppin hér í bænum og heimsæki jafnvel eitthvað annað í leiðinni," segja þau að lokum. -gpp

Samið um malbikun og frágang göngustíga í Árborg

Göngustígurinn frá Víkurheiði að Suðurhólum. Mynd: ÖG.

Sveitarfélagið Árborg hefur samið við Gröfuþjónustu Steins ehf. um frágang og malbikun á göngustígum í Árborg og er verkið þegar hafið. Um er að ræða malbikun á göngustíg milli Eyrarbakka og Stokkseyrar og malbikun fyrsta áfanga á stíg meðfram Eyrarbakkavegi, frá Suðurhólum að Víkurheiði (gámasvæðisvegur). Vegagerðin greiðir helming á móti sveitarfélaginu í þeim hluta framkvæmdanna. Auk þess verður gengið frá tveimur stígum sem alfarið eru á höndum sveitarfélagsins. Er þar um að ræða malbikun á Hraunteigsstíg á Eyrarbakka, sem liggur frá Barnaskólanum á Eyrarbakka og að Litla Hrauni, og síðan jarðvegsskipti á stíg mill Fosslands og Selfossbæja, frá Þóristúni. Malbikun á að ljúka fyrir 15. september og verkinu öllu fyrir 15. október.

Menningarveisla Sólheima

Reynir Hauksson gítarleikari mun koma fram á Menningarveislu Sólheima laugardaginn 3. ágúst kl. 14:00. Reynir hóf ungur að spila á hljóðfæri. Fyrstu kynni hans af samspili var með systkinum sínum á uppvaxtarárum sínum á Hvanneyri í Borgarfirði. Reynir gekk síðar í Tónlistarskóla FÍH þar sem hann lærði á rafgítar og klassískan gítar og útskrifaðist þaðan sem einleikari 2015. Á meðan námi stóð spilaði hann með hljómsveitunum Þoku og Eldbergi en eftir þær sveitir liggja þrjár breiðskífur. Að auki fékkst Reynir mikið við jazzleik og þjóðlagatónlist frá Balkanskaga. Að námi loknu fluttist hann til Noregs þar sem hann starfaði sem hljóðfæraleikari. Síðustu ár hefur Reynir búið í Granada á Spáni þar sem hann fæst við Flamenco gítarleik.

Á Sólheimum eru listsýningar, verslun, gleði og gaman. Allir eru hjartanlega velkomnir og aðgangur er ókeypis.

VERÐHRUN Á ÚTSÖLUNNI

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800
E-mail: lindin-selfossi@simnet.is

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir starfsfólki í búsetuþjónustu fyrir börn

Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir starfsfólki til starfa í þjónustuúrræði fyrir börn. Helstu markmið þjónustunnar er að veita fjölskyldumiðaða þjónustu sem mætir þörfum barna og fjölskyldna fyrir sértæka þjónustu. Auka lífsgæði barnanna, þátttöku þeirra í samfélaginu og bæta líðan þeirra. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og barnasáttmálinn eru grunnstoðir starfseminnar.
Um er að ræða hlutastöður í vaktavinnu.

Helstu markmið starfsins eru:
- Faglegt starf með börnum með þroskaraskanir
- Einstaklingsmiðuð persónuleg þjónusta
- Aðstoð og stuðningur við börnin í daglegu lífi
- Fjölskyldumiðuð þjónusta

Hæfniskröfur:
- Þekking og reynsla af starfi með börnum með fatlanir
- Sjálfstæði í starfi og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæð og góð þjónustulund

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Störfin hæfa jafnt körlum sem konum.
Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Jóhönnu Frímannsdóttur, Vallholti 27, 800 Selfossi, netfang jf@arborg.is eigi síðar en 10. ágúst 2019.
Nánari upplýsingar um störfin veitir Jóhanna Frímannsdóttir, forstöðumaður í búsetuþjónustu fyrir börn, jf@arborg.is, eða í síma 480 1992.

Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir í Vestmannaeyjum auglýsir 100 % stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar. Staðan er frá 1.október 2019.

Hjúkrunarforstjóri er ábyrgur fyrir hjúkrunarþjónustu við íbúa og stjórnar faglegri þróun, rekstri og starfsmannahaldi heimilisins á sviði hjúkrunar og umönnunar.

Umsóknarfrestur
14. ágúst 2019

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/14189

Helstu viðfangsefni starfsmanns eru:
- Fagleg ábyrgð á þjónustu hjúkrunar- og umönnunar.
- Umsjón með og ábyrgð á fjármálum, rekstri og stjórnun hjúkrunar- og umönnunarþjónustu heimilisins.
- Ábyrgð á starfsmannamálum í hjúkrun- og umönnun, þ.m.t. ráðningum og vaktaplönum.

Menntun, hæfni og reynsla
- Íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Þekking eða reynsla á sviði öldrunarhjúkrunar og/eða stjórnunar.
- Góð þekking og færni í stjórnun, starfsmannhaldi, uppsetningu vaktarkerfa og skilum á vinnuskýrslum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði og skipulagshæfni.
- Áhugi á öldrunarmálum.

Hraunbúðir er dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða í eigu Vestmannaeyjabæjar. Á Hraunbúðum eru 36 íbúar og er önnur þjónusta við aldraða íbúa í Vestmannaeyjum rekin frá Hraunbúðum. Hraunbúðir eru einn af stærri vinnustöðum í Eyjum með um 50 starfsmenn í um 30 stöðugildum.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Rófubóndinn á Eyrarbakka

Í Húsinu á Eyrarbakka stendur nú yfir ljósmyndasýningin Rófubóndinn. Þar sýnir Vigdís Sigurðardóttir áhugaljósmyndari eitt ár í lífi rófubóndans Guðmundar Sæmundssonar á Sandi á Eyrarbakka. Vigdís fylgdi Guðmundi eftir á heilu ræktunarári frá sáningu að vori fram að uppskeru og söluferlinu að hausti og vetri. Myndirnar veita frísklega sýn á vinnuár rófubóndans í samtvinningi við glefsur úr viðtölum við Guðmund. Nokkrir vel valdir gripir sem tengjast rófuræktun skreyta sýninguna.

Rófubóndinn hefur hlotið verðskuldaða athygli safngesta. Fjölmargir Íslendingar þekkja rófuræktun af eigin raun og upp vakna góðar minningar tengdar rófum.

Guðmundur hefur sett niður rófur í 53 ár og meðaluppskeran á ári er um 60 tonn. Guðmundur segir að stærsta breyting í rófurækt hafi verið niðursetningin þegar hætt var að nota sáningarhjól og til sögunnar komu sáningarvélar tengdar við traktor. Nú er hins vegar ævistarfinu lokið og hann er nýhættur störfum. Það var því einstaklega heppileg tilviljun að Vigdís ljósmyndaði hann þetta síðasta vinnuár.

Gulrófan hefur verið á matarborðum Íslendinga í 200 ár og jafnvel þótt hún sé ekki eins vinsæl og áður og rófubændum fari fækkandi þá er rófan ennþá ein þjóðlegasta matvara okkar.

Sýningin er í borðstofu Hússins og stendur yfir í allt sumar fram til 1. september. Önnur sýningarhús Byggðasafns Árnesinga eru Sjóminjasafn, Kirkjubær og Eggjaskúr og safnið er opið daglega kl. 11–18.

Einfaldaralif.is
Á SUNDI MEÐ PLASTRÖRUM

Einfaldara líf

Allt í plasti

Ég hef oft heyrt að plast sé slæmt fyrir jörðina og hef markvisst reynt að minnka plastnotkun. Ég er þó langt frá því að vera búin að fullkomna það enda vön að nota plast í allskonar stærðum og gerðum árum saman. Ég áttaði mig í raun ekki á því hversu slæmt plast er fyrir umhverfið okkar fyrr en ég fór að synda í sjónum á Balí í apríl síðastliðnum.

Í kringum mig flutu plastpokar og plastumbúðir og út um allt voru plaströr. Ástæðan er ekki sú að ruslið sem skilar sér á strendurnar hér sé ekki þrifið heldur hafa Balíbúar ekki undan. Á Balí vinna menn hörðum höndum við að þrífa upp allt ruslið sem skilar sér á strendurnar hér en ruslið virðist vera endalaust, því miður.

Þegar við fjölskyldan fórum að snorkla varaði leiðsögumaðurinn okkur við því að við myndum mjög líklega sjá fljótandi plast á ýmsum stöðum. Það reyndist mikið rétt. Samt fer þessi leiðsögumaður mörgum sinnum í viku að snorkla og tekur yfirleitt vel til og tínir plastið úr sjónum.

Það var ótrúlega magnað að sjá alla fiskana og alla fegurðina í því sem býr neðansjávar. En plastið átti svo sannarlega ekki heima þar og passaði ekki inn í umhverfið.

Plast er svartur blettur á umhverfinu. Plast er víða þar sem því var aldrei ætlað að koma og plast er í mikið af þeim vörum sem við notum dags daglega og skilar það sér ekki allt í endurvinnslu. Ég fagna minnkandi plastnotkun á Íslandi.

Eftir þessa upplifun er ég að nálgast þá skoðun að það eigi að banna einnota plast og banna plaströr. Upplifun mín á Balí hefur verið góður drifkraftur til þess að minnka plastnotkun meira en við höfum gert. Hún hafði ekki bara áhrif á mig heldur alla fjölskylduna. Við höfum tekið fleiri skref í átt að minni plastnotkun eftir að heim var komið en þurfum að vera vakandi því plast leynist víða.

Gerum okkar besta!
Kær kveðja,
Gunna Stella

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er Ómar Ásgeirsson.

Ég þakka Viðari fyrir áskorunina. Já, svona eru víst vinir manns.
Vegna þess að ég bý í Ástralíu núna finnst mér tilvalið að koma með eitthvað ástralskt, en samt ekki kengúru í þetta skiptið, þess í stað er ég með vinsælan og fljótlegan kjúklingarétt sem kallast Australian Chicken Parmigiana og Aussie Pavlova í eftirrétt. Þessir réttir eru báðir fljótlegir og mjög góðir.

Chicken Parmigiana
2 bollar brauðmylsna
¼ bolli Parmesan
2 stórar kjúklingabringur, skornar í tvennt gegnum miðjuna.
¼ bolli hveiti
2 egg
2 bollar pastasósa
4 sneiðar skinka (passa að nota góða skinku, ekki brauðskinku)
2 bollar rifinn ostur (Mozzarella).
Meðlæti: Hvítlauksbrauð, ferskt salat og franskar kartöflur.

Aðferð
Berjið kjúklinginn með buffhamri í ca. 5 mm þykkar sneiðar.
Blandið brauðmylsnu og Parmesan saman í skál, veltið kjúklingnum upp úr hveiti, dýfið í egg og að lokum veltið þeim upp úr brauðmylsnu.
Hitið ofninn í ca. 200°C, hitið pastasósuna og steikið kjúklinginn á pönnu í ca. 5 mín. á hvorri hlið.
Hellið helmingnum af heitri pastasósunni í eldfast mót og leggið kjúklinginn ofan á, leggið síðan eina sneið af skinku ofan á hverja kjúklingabringu, hellið restinni af pastasósunni yfir.
Dreifið rifna ostinum síðan jafnt yfir og grillið í ofninum þar til osturinn er bráðinn og sósan bullandi heit.
Berið fram með hvítlauksbrauði, fersku salati og frönskum.

Eftirréttur: Aussie pavlova
6 eggjahvítur (stofuhiti)
smá salt
1½ bolli sykur (330 gr.)
3 teskeiðar maísmjöl (kartöflumjöl)
1 tesk. borðedik
1 tesk. vanilludropar
300 ml rjómi
Ferskir ávextir, t.d. jarðarber, bláber, kiwi og fl.

Aðferð
Hitið ofninn í 150°C, teiknið 20 cm hring á bökunarpappír og leggið á ofnskúffu
Þeytið eggjahvítu og salt þar til þetta er nokkuð stíft. Bætið sykrinum útí, ½ bolla í einu og þeytið vel á milli. Þegar öllum sykrinum hefur verið bætt í þeytið áfram á hæsta hraða í ca. 3 mín.
Blandið maísmjöli, ediki og vanilludropum saman við og þeytið rólega þar til allt hefur blandast saman.
Notið spaða og smyrjið á pappírinn innan hringsins, sléttið vel úr. Lækkið ofninn í 120°C. Bakið í 1-1½ tíma, pavlovan á að vera snertifrí. Slökkvið á ofninum og látið kólna í ofninum með smá rifu á hurðinni.
Þeytið rjómann og smyrjið á tertuna, skreytið með ávöxtunum. Njótið.

Ég skora á félaga minn, Ævar Svan Sigurðsson, að vera næsti matgæðingur vikunnar og bjóða okkur upp á eitthvað gott.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Örn Guðnason, sími 856 0672, orng@prentmet.is.
Blaðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarp@prentmet.is. **Auglýsingar:** Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Ægir kóngur á þau tvö,
uppi´ á ránni hanga sjö,
feðratungan fjögur á,
en fjölmörg gömlum alka hjá.

Svar við gátu í blaði 2508: VASKUR.

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?
Ný störf auglýst í hverri viku!
www.dfs.is/atvinna/

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Húsasmiðjan leitar að öflugum rekstrarstjóra á Hvolsvelli

Ert þú öflugur rekstrarstjóri?

Við leitum að leiðtoga í krefjandi stjórnunarstarf sem hefur brennandi áhuga á sölu og þjónustu. Hann þarf að búa yfir metnaði til að ná árangri, hæfni í mannlegum samskiptum og hafa jákvætt viðhorf.

Í boði er tækifæri fyrir öflugan og drífandi einstakling sem vill taka þátt í spennandi og fjölbreyttu starfi Húsasmiðjunnar. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri verslunarinnar á Hvolsvelli í samræmi við stefnu og gildi Húsasmiðjunnar. Rekstrarstjóri starfar náið með framkvæmdastjórum og er hluti af stjórnendateymi Húsasmiðjunnar.

Helstu verkefni:

- Skipulagning og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri í samræmi við stefnu og starfsáætlun
- Ráðgjöf, þjónusta og sala til viðskiptavina ásamt tilboðsgerð
- Sköpun og eftirfylgni viðskiptasambanda
- Umsjón með innkaupum og birgðahaldi
- Umsjón með starfsmannamálum
- Stuðla að jákvæðum starfsanda og starfsumhverfi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af verslun og þjónustu æskileg
- Menntun sem nýtist í starfi
- Almenn tölvukunnátta
- Reynsla af stjórnun mannauðs æskileg

Í boði er:

- Krefjandi stjórnunarstarf hjá góðu fyrirtæki
- Góður starfsandi og heilbrigt starfsumhverfi

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi á **www.husa.is/laus-storf/**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hinrik Arnar Hjörleifsson, á **hinrik@husa.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **11. ágúst 2019.**

Við hvetjum bæði kynin til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Gildin okkar eru:
Metnaður – Þjónustulund – Sérþekking

2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Framúrskarandi fyrirtæki

Húsasmiðjan er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á landsvísu á bygginga- og heimilisvörumarkaði í heildsölu og smásölu, fyrir fyrirtæki og neytendur. Verslanir Húsasmiðjunnar eru 16 talsins ásamt 7 verslunum Blómavals og 4 verslunum Ískrafts.

PIER
BRINGING IT HOME

ÚTSALA

50-70%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

AMUSER domino spil.
13,5x5x4,5 cm. ~~1.990 kr.~~
Nú 597 kr.

CORACAO rammi. 10x15 cm.
~~2.990 kr.~~ Nú 1.495 kr.

JARDIM þykkblöðungur. Ø6,5x13 cm.
~~590 kr.~~ Nú 177 kr.

SITKA stóll. 51 x 64 x 86 cm.
~~19.990 kr.~~ Nú 9.950 kr.

NAGAON stóll. 75 x 79 x 100 cm.
~~59.900 kr.~~ Nú 17.970 kr.

ROYAL hægindastóll. 84x86x93 cm.
~~69.900 kr.~~ Nú 34.950 kr.

PIER.is
AUSTURVEGUR 69 - SÍMI 522-7890
AFGREIÐSLUTÍMI: VIRKIR DAGAR 11-18:30 LAU 10-18 SUN 12-18

Velti því fyrir mér hvort ég ætti að hafa lesviskubit

- segir lestrarhesturinn Soffía Valdimarsdóttir

Soffía Valdimarsdóttir er fædd, uppalin og búsett í Hveragerði. Hún er dóttir Valdimars og Jónu og gift Óla Tholl. Börnin þeirra eru þrjú og heita Valdimar, Þórir og Jónheiður Anna. Soffía er þjóðfræðingur að mennt og með MA gráðu í náms- og starfsráðgjöf. Hún gegnir stöðu aðjúnkts við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Hún segir að „rannsóknarsvið sitt og áhugi lúti helst að því hvernig fólk fetar sínar eigin leiðir og finnur sér alltaf stað í samfélögum, jafnvel þvert á formleg kerfi og regluverk. Ég er mikill innipúki og áhugamálin eru handverk, gestgjafastúss, lestur og grúsk.“

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Í augnablikinu er ég mest upptekin af bók eftir breska fornleifafræðinginn Alexander Langelands sem heitir *Cræft: How traditional crafts are about more than just making* en efni þeirrar bókar tengist rannsókn sem ég er að vinna að um fólk sem hefur handverk að atvinnu. Langelands fjallar um iðkunina frekar en afurðirnar sem unnar eru úr hráefnum í höndunum af ást og ástríðu og oftar en ekki innan ramma gæðaviðmiða sem hafa mótast í gegnum kynslóðirnar. Handverk á tímum tæknivæðingar veitir iðkendum fyrst og fremst gleði og hugarró og sjónarhorn höfundarins fangar það viðhorf á mjög aðgengilegan hátt fyrir lesendur. Svo er ég nýbúin að lesa *Sumarljós og svo kemur nóttin* eftir Jón Kalman Stefánsson. Hún er stórkostlega vel stíluð og persónugallerí þorpssögunnar verður svo lifandi á síðum bókarinnar. Frábær bók. Svo var ég rétt í þessu að klára fyrsta rennsli á nýendurútgefinni ljóðabók eftir Arnfríði Jónatansdóttur sem heitir *Þröskuldur hússins er þjöl*. Fríða var systir tengdamömmu en ég get varla sagt að ég hafi kynnst henni. Hún sendi aðeins frá sér þessa einu bók sem er synd því textinn er einkennilega ljóðrænn og fallegur miðað við atómskáldskap og skilningarvitin hafa nóg að gera við lesturinn. Að lokum vil ég nefna *Tengdadótturina* eftir Guðrúnu frá Lundi en hún er annar svona gullmoli sem hefur sloppið undir radar hjá mér og ég hlakka til að gæða mér á.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Íslenskar skáldsögur og ljóðabækur eru alltaf í fyrsta sæti og svo fræðirit þar á eftir. Ég les líka þýdd erlend skáldverk og eins á ensku og norsku en flóran er svo yfirgengileg að ég fæ oft bara valkvíða.

Lestu barnabækur?

Ég kaupi alltaf annað slagið barnabækur þó ég eigi engin lítil börn að lesa fyrir. Þá finnst mér myndskreytingar jafn mikilvægar og textinn. Það var almennt mikið lesið heima og uppáhaldsbókin mín var *Dísa ljósálfur*. Ég lærði mjög snemma að lesa og fyrst á hvolfi af því ég fylgdist með þegar verið var að þræla bróður mínum í gegnum heimalesturinn. Mér leiddist þess vegna í fyrsta bekk og var stanslaust skömmuð fyrir að masa og trufla.

En hverjar eru lestrarvenjur þínar?

Áður fyrr las ég alla daga og alls staðar og nánast hvað sem var. Las fram á nætur og var engu betri en krakkarnir sem vaka í símanum. Ég skil þau bara mjög vel. Núna horfi ég á þætti að staðaldri en les svo meira í skorpum og vel þá bara það sem heillar. Á tímabili var ég að velta því fyrir mér hvort ég ætti að hafa lesviskubit en ég held að það sé úrelt snobb að líta á áhorf sem mötun. Sjónvarp er uppfullt af gæðaefni sem fræðir og nærir, þetta er bara annað frásagnarform. En jú, ég neita því ekki að bókabúðir eru í uppáhaldi og það jafnast ekkert á við fallega bók og góða lestrarupplifun.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Gyrði Elíasson af því að hann kann þá list að nota fá orð um það sem skiptir mestu máli - hvunndaginn. Jón Kalman Stefánsson af því að hann kann að hafa mörg orð um allt sem er. Gerði Kristnýju af því að hún er kamelljón sem getur komið manni á óvart jafnvel án þess að

Soffía Valdimarsdóttir.

maður átti sig á því fyrr en löngu síðar. Guðrúnu Evu Mínervudóttur af því að sögur hennar eru eins ólíkar og þær eru margar og maður veit aldrei hverju hún tekur upp á. *Skaparinn* og *Englaryk* eru frábærar að byrja á. Sjón af því að hann er stórkostlegur höfundur. Mér finnst gott að lesa hann þegar ég hef tíma til að staldra við og hugsa og fletta upp meðfram lestrinum. Uppáhaldsljóðabókin mín fyrr og síðar er líklega *Gráspörvar og ígulker*.

Hefur bók rænt þig svefni?

Já, já, já svo óteljandi margar lestursins vegna og svo ein og ein vegna hughrifanna. Ég var til dæmis andvaka heila nótt þegar ég kláraði *Karitas án titils* eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur.

En að lokum Soffía, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ljóðabækur og nóvellur býst ég við þó ég ætti líklega starfs míns vegna að segja fræðirit.

Héraðið frumsýnd um miðjan ágúst

Héraðið, ný íslensk kvikmynd eftir leikstjórann Grím Hákonarson, verður frumsýnd miðvikudaginn 14. ágúst nk. í bíóhúsum um allt land. Grímur leikstýrði m.a. hinni margverðlaunuðu kvikmynd Hrútar og heimildamyndunum Hvelli og Litlu Moskvu.

Héraðið gerist í litlu samfélagi og segir sögu Ingu, miðaldra kúabónda, sem gerir uppreisn gegn kaupfélaginu á staðnum. Hún reynir að fá aðra bændur í lið með sér en það gengur erfiðlega þar sem kaupfélagið hefur sterk ítök í sveitinni.

Arndís Hrönn Egilsdóttir fer með hlutverk Ingu í myndinni. Hún hefur meðal annars leikið í sjónvarpsþáttunum Pressu og Föngum. Hún var tilnefnd til Edduverðlaunanna fyrir hlutverkið í þeirri síðastnefndu.

Héraðið var tekin upp á Rjómabúinu Erpsstöðum í Dölum, á Hvammstanga og Blönduósi.

Erum að byggja upp stórkostlegan golfvöll

Miklar framkvæmdir standa yfir á Svarfhólsvelli, svæði Golfklúbbs Selfoss um þessar mundir. Frá því í haust hefur verið tekið á móti jarðvegsefni úr grunnum og götum á Selfossi og það notað í landmótun á nýjum brautum golfklúbbsins. Á næstu árum mun golfvöllurinn stækka úr 9 holu velli í 18 holu völl. Þá var fyrir stuttu byrjað á nýju áhalda- og æfingahúsnæði. Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri golfklúbbsins, var tekinn tali í vikunni og spurður út í framkvæmdirnar.

Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Selfoss, við nýja svæðið þar sem verið er að byggja upp nýjar brautir á golfvellinum við Svarfhól. Mynd. ÖG.

Hlynur Geir ásamt smiðum sem vinna að því að slá upp fyrir grunni nýja hússins. Mynd: ÖG.

Byggja þrjár nýjar holur

„Framkvæmdirnar hjá okkur núna eru þannig að við erum að byggja upp þrjár nýjar holur sem eru merktar 1. hola, 10. hola og 18. hola. Þær eru eiginlega til að bjarga okkur því við munum missa þrjár holur og afhenda Vegagerðinni landsvæði suður með vellinum í september 2022. Við erum eiginlega núna að undirbúa það, erum búnir að sá og langt komnir með þessar þrjár holur. Við byrjuðum á því síðastliðið haust og reiknum með að opna inn á það svæði 2021. Strax eftir næstu áramót munum við síðan halda áfram að gera þrjár nýjar holur og þannig vinna okkur áfram upp í 18 holur á næstu árum," segir Hlynur Geir.

Hlynur Geir segir að það sé lykilatriði hjá klúbbnum núna að missa ekki völlinn úr 9 holum niður í 6 holur. Hann verði meðan á farmkvæmdum standi alltaf að lágmarki 9 holur. Á ákveðnum tímapunkti fer hann upp í 12 holur en fer síðan niður í 9 holur þegar Vegagerðin fær sitt svæði.

Getum byggt upp flottari völl en við ætluðum að gera

Hlynur Geir er spurður hvernig það hafi komið til að klúbburinn hafi fengi allan þennan jarðveg sem búið er að flytja á svæðið.

„Það kom svolítið skemmtilega upp. Það var komið upp ákveðið vesen með jarðvegslosunarsvæði í sveitarfélaginu. Það leiddi m.a. til þess að við gerðum samning við sveitarfélagið í ágúst í fyrra um að taka á móti jarðvegi úr grunnum, götum, byggingum og öllu þess háttar á Selfossi. Við áætlum að taka á móti verulegu magni af efni til að byggja upp svæðið hér. Við ætluðum aldrei að gera það. Við ætluðum bara að byggja upp venjulegan sjáfbæran völl. Þessir samningar eru mjög góðir fyrir báða aðila þ.e. golfklúbbinn og sveitarfélagið. Með þessu móti getum við byggt upp stórkotlegan golfvöll, miklu flottari völl heldur en við ætluðum að gera. Við verðum samt sjálfbær og gerum bara fallegt landslag á öllum brautunum úr þessum efnum. Skipulagið og umhverfið verður allt fallegra því þetta er heilt yfir mjög gott efni sem við erum að fá frá mörgum svæðum á Selfossi. Þó eitthvað komi af hrauni eða öðru sambærilegu efni þá komum við því fyrir á öðrum stöðum.

Nýtt hús undir vélar og til inniæfinga

Um langt skeið hefur Golfklúbbur Selfoss ekki haft boðlega aðstöðu fyrir vélar eða starfsmenn á golfvellinum. Árið 1990 var byggður til bráðabirgða lítill kofi sem átti að vera í eitt til tvö ár. Hlynur Geir segir að völlurinn hafi lengi vel verið í veseni eða í raun allt frá því er hann kom á núverandi stað 1985. „Það var aldrei neitt fast í hend um framtíð hans," segir Hlynur Geir. „Með kaupum sveitarfélagsins á landsvæðinu hér árið 2014 og langtímasamningi sem var gerður var okkur tryggð aðstaða inn í framtíðina. Með tilkomu þessa samninga getum við nú byggt okkur hús sem verður undir vélar og starfsmenn. Þar verður einnig inniaðstaða fyrir klúbbmeðlimi. Við höfum undanfarið þurft að leigja inniaðstöðu á Selfossi sem reyndar hefur virkað rosalega vel. Þar hefur verið mikil aðsókn eða um 200 manns í hverri viku. Nú munum við koma með þetta allt inn á okkar svæði. Það er miklu hagstæðara. Þá eigum við bara okkar hús. Húsið er 427 fermetra innflutt límtréshús. Við fengum tilboð í þetta út um allt en Gísli Rafn Gylfason var hagstæðastur með þetta innflutta hús. Húsið er mjög fallegt og við ætlum líka að gera fallegt í kringum það, hafa manir, tré o.fl. Núna er verið að vinna í sökkli hússins og við áætlum að það verði reist um miðjan september. Síðan er stefnt á að opna inn á það sennilega í byrjun nóvember."

Góður golfvöllur mikilvægur í sveitarfélaginu

Í dag eru 520 félagar í Golfklúbbi Selfoss sem gerir klúbbinn að fjölmennasta golfklúbbi Suðurlands. GOS er með 9 holu völl í dag en stefnan er að vera með 18 holu völl innan fárra ára. Hlynur Geir segir að Golfsamband Íslands bíði spennt eftir 18 holu velli við Selfoss og að þar vilji menn stefna á að halda alvöru stórmót á vellinum. Golfklúbburinn fer ört vaxandi eins og sveitarfélagið hefur gert undanfarið. „Maður er búinn að sjá mikla aðsókn í Golfklúbbinn síðustu ár. Hingað hafa komið Selfyssingar með ungar fjölskyldur og börn í klúbbinn. Einnig hefur verið mikið um aðflutta sem eru að koma á Selfoss. Margir eru greinilega að velja að flytja á Selfoss út af því að hér er góður golfvöllur í uppbyggingu og að við stefnum hátt. Það er greinilega mikilvægt fyrir svæðið að hafa góðan golfvöll. Þetta er partur af góðri þjónustu og hefur mikið gildi."

Allir hafa tekið framkvæmdunum vel

„Við erum búin að vera mjög heppin með veður í sumar sem hefur auðvitað haft eitthvað að segja um aðsóknina. Við héldum að það yrði kannski vesen með aðsóknina vegna nálægðar framkvæmdanna hér í sumar og að þetta yrði fráhrindandi þ.e. að spila á milli moldarhrúga, en svo hefur ekki verið. Völlurinn sem slíkur er óbreyttur frá því sem hann var í fyrra. Við erum eingöngu að gera viðbætur við hann núna. Við héldum að þetta yrði vesen en það eru komnir 2.500 fleiri hringir spilaðir en á sama tíma í fyrra, sem er gríðarleg aukning. Svo hefur líka orðið mikil aukning í félagatalinu. Það hafa allir tekið framkvæmdunum vel og eru bara spenntir. Maður sér það bara á spiluninni. Það er bara jákvætt í kringum þetta allt saman," segir Hlynur Geir að lokum. *-ög*

Framtíð golfvallarins tryggð með kaupum á landi úr Laugardælum

Í byrjun maí 2014 var gengið frá kaupum Sveitarfélagsins Árborgar á landspildu úr landi Laugardæla í Flóahreppi. Samtals keypti Árborg um 200 hektara lands af Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Kaupverð var 288 milljónir króna og lánaði lífeyrissjóðurinn sveitarfélaginu fé til kaupanna.

Landsvæðið sem um ræðir er þar sem golfvöllur Golfklúbbs Selfoss er og upp með Ölfusá, langleiðina að Laugardælavatni. Einnig við lóð Mjólkurbúsins og síðan þrjár spildur sitt hvoru megin við Suðurlandsveginn í átt að Uppsölum og Sölvholti.

Eyþór Arnalds, þáverandi formaður bæjarráðs Árborgar, sagði við undirritunina að þetta væri stór áfangi og að það væri mikilvægt fyrir sveitarfélagið og geta haft áhrif á nýtt deiliskipulag á þessu svæði. Nýr Suðurlandsvegur og vegur að nýrri Ölfusárbrú mun liggja um þetta svæði.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, og Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, handsala samningana.

Með kaupunum væri staðsetning golfvallarins einnig tryggð. *(Frétt úr Dagskránni 2014).*

Áform um friðlýsingu í Þjórsárdal kynnt

Umhverfisstofnun, ásamt Skeiða- og Gnúpverjahreppi, hafa kynnt áform um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal. Svæðið nær meðal annars til Gjárinnar, Háafoss og nágrennis í samræmi við lög nr 60/2013 um náttúruvernd.

Sérstaða svæðisins felst meðal annars í einstakri náttúrufegurð og menningarminjum. Gjáin hefur verið vinsæll ferðamannastaður, en friðsæld, óröskuð náttúra og náttúrufegurð hefur skapað aðdráttarafl hennar. Fossarnir Háifoss og Granni, auk Stangar, hafa einnig verið fjölsóttir ferðamannastaðir um árabil.

Friðlýsing þessa svæðis í Þjórsárdal, einkum Gjárinnar, eru hluti af átaki í friðlýsingum sem kveðið er á um í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar.

Friðlýsingin skal miða að því að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins. Auk þess fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess.

Fagur foss í Þjórsárdal. Mynd: Skeiða- og Gnúpverjahreppur.


Svæðið í Þjórsárdal sem um ræðir.
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Hestfjallaklyfjar
Skillandsfitjar
Móskjónuhlíð
Kóngavörður
Kistuver
Kista
Hafragljúfur
Selja
Fagriskógur
Einbúi
Selklettar
Hestfjallahnjúkur
Vinduver
Hólsskógur
Fagurhöll
Skriðufell
Skriðufellsnes
Vatnsás
Sandártunga
Víkar
Landmannaleið
Fossheiði
Fossalda
Fossá
Kárnesingur
Sandafell
Skúmstungur
Ásahreppur
Vaðfit
Ásólfsskálaá
Ásólfsskálar
Ásólfsvellir
Hrossátungur
Skeljafell
Árskógar
Rangárþing ytra
Bjarnalón
Trjáviðarlækur
Skeiðfell
Landmannaleið
Sölvahraun
Möngvi
Mónef
Bjarnalækur
Búrfellsvirkjun
Búrfellsvirkjun
Sigöldustöðvarmöl
Hólaá
Hólaá
Hólaá

Selfossrútan skipar sess í huga Sunnlendinga

Allir Selfyssingar og jafnvel bara allir Sunnlendingar þekkja „Selfossrútuna“ í sjón. X-874 er síðasta SBS rútan sem skartar „réttu“ litunum og hið glæsilegasta fley. Saga hennar er líka stórmerkileg og nátengd samgöngusögu síðustu 40 ára á Suðurlandi.

Eins og hönnuð fyrir sunnlensk óveður

X-874 er stærsta rútan sem var smíðuð í gömlu Kaupfélagssmiðjunum en árið 1973 kom til landsins Scania 110 grind. Veturinn 1973-4 var svo hönnuð yfirbygging og smíðuð í smiðjunum. Smíði X-874 er nokkuð sérstök, Jón Halldórsson og Snorri Þór Þorsteinsson, sem voru með sérleyfið á þessum árum, létu smíða hana og er hönnun hennar einstök. Rútan tekur 54 farþega en farangurslestin er minni en gengur og gerist. Má eiginlega segja að hún hafi verið sérsmíðuð með leiðina Selfoss – Reykjavík í huga og sveitaakstur í Árnessýslu. Þá var hún líka mikið notuð í kringum gosið og ferjaði mikið frá Þorlákshöfn. Rútan var eins og hönnuð fyrir sunnlensk óveður og komst alltaf þangað sem fara þurfti. Hún var stöðug á veginum og haggaðist ekki sama hvað gekk á. Þegar hún var smíðuð var SBS með fimm bíla í umferð en undir lokin voru þeir orðnir rúmlega 20 talsins. Fyrir skemmtilega tilviljun þá er X-874 ennþá rauð en var ekki máluð eins og aðrir bílar Sérleyfisins þegar SBS og Austurleið sameinuðust um aldamótin. Svo skemmtilega vildi nefnilega til að það var nýbúið að mála hana rauða og sem betur fer hélt hún „rétta“ litnum.

Upprunalegur gírkassi og drif, en á þriðju vélinni

Um X-874 má vissulega segja að vel sé vandað til verks, hún er mikil listasmíð og var í uppáhaldi bílstjóra hjá SBS meðan hún var í notkun og vel notuð var hún. Kílómetramælirinn í dag telur 2,2 milljónir kílómetra eða um 40.000 ferðir á milli Selfoss og Reykjavíkur, kannski ekki svo mikið þegar horft er á þessar tölur á blaði en settar í samhengi að þá er þetta eins og keyra fram og til baka Selfoss – Reykjavík einu sinni á dag í 54 ár og 289 daga! Ekki nóg með það heldur er X-874 ennþá með upprunalegan gírkassa og drif, hún er þó á þriðju vélinni.

Rútan í miklum metum meðal bílstjóra

X-874 þótti og þykir enn mikið happafley. Á þeim rúmu 30 árum sem hún var í daglegum akstri lenti hún aldrei í alvarlegu óhappi, enda sérstaklega vel til þess fallinn að fara leiðina Selfoss – Reykjavík og um sveitir Árnessýslu. Hún var ekki langferðabíll að því leyti. Til marks um í hve miklum metum X-874 var og er hjá bílstjórum hennar að þá var hún sérstaklega valin til að fara síðustu ferðina Selfoss – Reykjavík fyrir SBS árið 2004. Hún var svo í daglegri keyrslu framtil 2008 eða í heil 34 ár! Þó var hægt aðeins á henni síðustu fimm árin.

Fær sín notið á tyllidögum

Í dag er hún aðallega viðruð á hátíðisdögum og hafa vel flestir Selfyssingar setið einn hring í henni á 17. júní, þá hefur hún verið notuð í nokkrum kvikmyndum og er fastagestur á fornbílahátíðum, auk þess sem hún er af og til notuð á bekkjarmótum. Félag var stofnað um varðveislu hennar árið 2008 og eru í því gamlir bílstjórar frá Sérleyfinu og svo aðrir velunnarar þessa einstaka bíls. Þeir hittast reglulega til að rifja upp gamlar sögur úr sérleyfisakstrinum og bóna X-874.

Birt með leyfi höfundar, Más Ingólfs Mássonar.

Óskað eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna

Umhverfisnefnd Árborgar hefur óskað eftir tilnefningum frá íbúum um snyrtilega garða og fallegustu götuna í Árborg og vel um gengin fyrirtæki og atvinnurekstur. Verðlaun fyrir framúrskarandi snyrtimennsku og metnað fyrir umhverfi og náttúru, verða veitt eins og undanfarin ár á bæjarhátíðinni Sumar á Selfossi helgina 8.–11. ágúst nk.

Sveitarfélagið Árborg tekur við ábendingum frá íbúum til 2. ágúst næstkomandi í gegnum póstfangið thonustumidstod@arborg.is eða í gegnum þjónustuverið í síma 480 1900.

VÍNBÚÐIN SELFOSSI

Lengri opnunartími á laugardögum

Vínbúðin Selfossi tekur ávallt vel á móti viðskiptavinum sínum og eflir nú þjónustuna með lengri opnunartíma.

Frá og með 3. ágúst verður opið til kl. 18 á laugardögum.

Við hlökkum til að sjá þig!

VÍNBÚÐIN

íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Góð ferð Selfyssinga á Partille

HANDBOLTI Yngra ár 4. flokks tók þátt í Partille Cup í byrjun júlí en mótið er eitt stærsta og skemmtilegasta handboltamót heims og er haldið í Gautaborg í Svíþjóð ár hvert. Selfoss sendi tvö lið til keppni í U-15, eitt strákalið og eitt stelpulið.

Stelpuliðið lenti í mjög sterkum riðli en stóðu sig engu að síður vel, enduðu í fjórða sæti af sex liðum og fóru beint í 64-liða úrslit í B-úrslitum. Þar stóðu þær sig mjög vel og unnu sinn leik mjög örugglega. Því næst fóru þær í gegnum 32-liða úrslit á mögnuðu gullmarki en töpuðu að lokum í 16-liða úrslitum með einu marki í hörkuleik og mikið svekkelsi. Liðið sem sló þær út fór svo alla leið í úrslitaleikinn.

Strákaliðið var í toppbaráttu í sínum riðli en hitti því miður ekki á sinn besta leik í lokaleik riðlakeppninnar og enduðu því í þriðja sæti síns riðils. Fóru samt í A-úrslit sem er flottur árangur. Þar sem þeir enduðu í þriðja sæti þurftu þeir að fara í gegnum umspilsleik fyrir 64-liða úrslitin. Sá leikur var spilaður klukkan átta um morgun, okkar drengir voru ekki alveg vaknaðir og voru nokkrum mörkum undir í hálfleik. Þann mun náðu þeir ekki að brúa og voru því úr leik.

Hópurinn stóð sig mjög vel og ferðin var skemmtileg í alla staði.

Ferðalangarnir stilltu sér upp áður en haldið var af stað til Gautaborgar á eitt stærsta handboltamót heims. Efri röð f.v. Örn Þrastarson þjálfari, Þórður Breki Jósefsson, Sæþór Atlason, Sverrir Steindórsson, Daníel Þór Reynisson, Ólafur Bergmann Halldórsson, Hans Jörgen Ólafsson, Einar Ingi Ingvarsson, Einar Gunnar Gunnlaugsson, Valdimar Örn Ingvarsson, Agnar Petro Baldursson og Perla Ruth Albertsdóttir þjálfari. Neðri röð f.v. Hafdís Alda Hafdal, Lára Bjarnadóttir, Hugrún Tinna Róbertsdóttir, Thelma Lind Sigurðardóttir, Elín Gróa Kjartansdóttir, Tinna Sigurrós Traustadóttir, Lena Ósk Jónsdóttir, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir, Ragnheiður Grímsdóttir, Emilía Ýr Kjartansdóttir og Inga Sól Björnsdóttir. Ljósmynd: Umf. Selfoss/SDH.

Ari Sverrir framlengir við Selfoss

HANDBOLTI Ari Sverrir Magnús son framlengdi á dögunum samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss til tveggja ára. Ari Sverrir lék með U-liði og 3. flokki Selfoss síðasta vetur ásamt því að taka sín fyrstu skref með meistaraflokki. Hann kláraði veturinn á því að útskrifast úr Handboltaakademíu Selfoss. Ungur og efnilegur leikmaður sem spennandi verður að fylgjast með í vetur.

Ari Sverrir Magnússon á heimavelli í Hleðsluhöllinni. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

Stigin hjá strákunum urðu eftir fyrir vestan

KNATTSPYRNA Selfyssingar urðu af mikilvægum stigum í toppbaráttu 2. deildar karla þegar liðið laut í gras 2-0 gegn Vestra á Ísafirði um seinustu helgi en bæði mörk leiksins komu í seinni hálfleik.

Við tapið féll Selfoss niður í þriðja sæti deildarinnar með 23 stig eftir 13 umferðir.

Næsti leikur liðsins er á heimavelli miðvikudagskvöldið 31. júlí gegn ÍR og hefst hann kl. 19:15.

Íslandsmeistararnir mörðu 2-1 sigur

KNATTSPYRNA Selfoss lá 2-1 þegar liðið sótti Íslandsmeistara Breiðabliks heim í Pepsi Max deildinni í seinustu viku. Það var Magdalena Anna Reimus sem minnkaði muninn fyrir Selfoss eftir að heimakonur leiddu í hálfleik 2-0. Selfoss er sem fyrr í fjórða sæti deildarinnar með 16 stig og tók á móti HK/Víkingi í gær. Næsti leikur liðsins er fimmtudaginn 8. ágúst þegar liðið sækir Keflavík heim.

Sex Selfyssingar kepptu á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Bakú

Sex Selfyssingar voru meðal 34 íslenskra keppenda á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fór í Bakú í Azerbaijan dagana 21.–27. júlí.

Liðsmenn Umf. Selfoss, Dagur Fannar Einarsson, Eva María Baldursdóttir, Ísak Gústafsson, Reynir Freyr Sveinsson og Tryggvi Þórisson voru valin til þátttöku, auk þess sem Hildur Maja Guðmundsdóttir keppti í áhaldafimleikum sem hún æfir með Gerplu.

F.v.: Selfyssingarnir Reynir Freyr, Ísak, Hildur Maja, Tryggvi, Eva María og Dagur Fannar áður en þau héldu af stað til Azerbaijan. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Eva María hársbreidd frá úrslitum

FRJÁLSAR Eva María keppti í hástökki og var hársbreidd frá því að komast í úrslit. Hún stökk yfir 1,72 m í þriðju tilraun og felldi naumlega 1,75 m. Þrettán stúlkur komust í úrslitin, ellefu þeirra stukku yfir 1,75 m og tvær þeirra stukku yfir 1,72 m í fyrstu tilraun.

Dagur Fannar Einarsson keppti í langstökki þar sem hann stökk lengst 6,24 m og lenti í 18. sæti. Til að komast í úrslit hefði hann þurft að stökkva 6,83 m en hann hefur lengst stokkið 6,51 m á þessu ári.

Ísland í fimmta sæti

HANDBOLTI Landslið Íslands U-17 ára í handbolta lauk leik í fimmta sæti eftir sigur á Slóveníu og er þetta besti árangur Íslands á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í handbolta frá upphafi. Liðið vann þrjá leiki á mótinu, gerði eitt jafntefli og tapaði einum leik. Í heildina frábær árangur hjá íslenska liðinu og fulltrúar okkar Selfyssinga öflugir sem fyrri daginn. Ísak, Reynir Freyr og Tryggvi mega vera sáttir með sumarið.

Nánar er fjallað um afrek Selfyssinga á vefsíðu Umf. Selfoss, www.selfoss.net.

Jón Steindór Sveinsson, formaður knattspyrnudeildar, ásamt Tokić (t.v.). Ljósmynd: Umf. Selfoss/AHM.

Tokić áfram á Selfossi

KNATTSPYRNA Framherjinn Hrvoje Tokić skrifaði á dögunum undir nýjan tveggja ára samning við Selfoss. Þetta eru miklar gleðifréttir en Tokic hefur stimplað sig inn sem algjör lykilmaður í liðinu síðan að hann kom til liðsins síðasta sumar.

„Þetta var mjög auðveld ákvörðun fyrir mig. Ég er mjög ánægður hérna á Selfossi. Þetta hefur verið gott samstarf hingað til og ég er sannfærður um að það verði það áfram," sagði Tokić eftir undirskriftina.

Framherjinn knái er búinn að skora níu mörk í 2. deild í sumar og er markahæstur í deildinni.

„Ég er nokkuð ánægður með mína frammistöðu í sumar þó svo að ég telji að ég geti gert enn betur. Ég og liðið erum að bæta okkur, ég á eftir að skora miklu fleiri mörk í sumar og við ætlum klárlega upp," sagði Tokić að lokum.

Selfyssingar á Símamóti

KNATTSPYRNA *Selfyssingar sendu níu stelpulið til leiks á Símamótinu sem fram fór í Kópavogi 11.–14. júlí sl. Símamótið var haldið fyrst 1985 og var þetta því 35. mótið í röðinni. Stelpurnar skemmtu sér vel á mótinu og komu heim reynslunni ríkari. Ljósmyndir frá foreldrum Umf. Selfoss.*

Selfoss 1 í 6. flokki.

Selfoss 1 í 5. flokki.

Selfoss 2 í 6. flokki.

Selfoss 3 í 6. flokki.

Selfoss vann stigakeppnina á Unglingamóti HSK í frjálsum

FRJÁLSÍÞRÓTTIR Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli þriðjudaginn 23. júlí sl. Eftir úrhellisrigningu og þrumuveður á meðan upphitun stóð skall á hið besta keppnisveður, logn og hiti. Um 40 þátttakendur af HSK-svæðinu tóku þátt á mótinu auk sjö gestaþátttakenda annars staðar að.

Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 104 stig, Umf. Hrunamanna varð í öðru sæti með 71 stig og Umf. Þjótandi í þriðja sæti með 61 stig.

Síðasta HSK-mót sumarsins er svo Héraðsmót fullorðinna en það fer fram 12.–13. ágúst nk. á Selfossvelli. eo

Sigurlið Umf. Selfoss ásamt þjálfurum á Unglingamóti HSK.

Jónas, Sindri Freyr og Unnsteinn.

Goði Gnýr, Haukur og Brynjar Logi.

Ingibjörg Bára, Ásrún Aldís og Guðný Vala.

Jana Lind og Ragnheiður.

Bjarki og Róbert.

Jónas og Unnsteinn.



Niklas Þór og Haukur.

Hjalti Snær og Viktor Karl.

Unnur, Hildur Helga og Björg.

HSK með þrjú brons í bikarkeppni FRÍ

FRJÁLSÍÞRÓTTIR HSK sendi vaska sveit í bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands sem haldin var á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði laugardaginn 27. júlí sl. HSK-liðið var mjög ungt í ár. Tveir af lykilkeppendum HSK voru í landsliðsverkefnum erlendis auk þess sem meiðsli settu strik í reikninginn hjá karlaliðinu, en maður kemur í manns stað og ungu keppendurnir leystu þetta með sóma. HSK varð í 8. sæti í heildina með 49 stig. ÍR sigraði, FH varð í öðru sæti og Breiðablik í því þriðja. Uppskeran í verðlaunum hjá HSK var þrjú brons.

HSK-liðið stóð sig vel og litu tvær bætingar dagsins ljós ásamt nokkrum bestu áröngrum ársins. Haukur Arnarsson Hrunamönnum bætti sig í þrístökki og Hrefna Sif Jónasardóttir Selfoss í langstökki. Við fengum þrjú bronsverðlaun. Fjóla Signý Hannesdóttir Selfoss í 100 m. grindahlaupi á 14,86 sek., Róbert Khorchai Þór í spjótkasti með 49, 46 m og Thelma Björk Einarsdóttir Selfoss í sleggjukasti með 41,27 m.

Bikarlið HSK á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði 27. júlí 2019.

Það sem einkenndi HSK-liðið þennan dag var samheldni, einbeiting og jákvæðni og allir lögðu sig hundrað prósent fram.

Við horfum björt fram á veginn og mætum tvíefld að ári. *-óg*

ÚTBOÐ

Fjölnota íþróttahús á Selfossi, jarðvinna

Fyrir hönd mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar er óskað eftir tilboðum í framkvæmdina, „Fjölnota íþróttahús á Selfossi, jarðvinna.“

Um er að ræða jarðvinnu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar á fjölnota íþróttahúsi á lóð Ungmennafélag Selfoss við Engjaveg, Selfossi. Um er að ræða uppgröft á svæði auk þjöppun fyllingar. Með verkinu fylgir lagning og frágangur á jarðvatnslögnum, frárennsli og aðveitulögnum fyrir neysluvatn og hita sem liggja undir fyrirhuguðum undirstöðum íþróttahúss.

Jarðvinnu er skipt niður í áfanga og er gert ráð fyrir eftirfarandi dagsetningum fyrir skil á hverjum áfanga fyrir sig:

Áfangi 1: Áfanga skal lokið fyrir 15. 11. 2019 þannig að byggingarverktaki geti hafist handa við að slá upp mótum og steypa undirstöður.

Áfangi 2: Áfanga skal lokið fyrir 15. 1. 2020.

Áfangi 3: Áfanga skal lokið fyrir 20. 5. 2020.

Áfangi 4: Áfanga skal lokið fyrir 15. 7. 2020 þannig að unnt sé að gera hlé á framkvæmdum á meðan Unglingalandsmót UMFÍ fer fram.

Áætluð verklok eru 1. 8. 2021 þegar verktaki afhendir bygginguna til notkunar.

Sveitarfélagið ÁRBORG

ÚTBOÐ

Fjölnota íþróttahús á Selfossi, byggingarvinna

Fyrir hönd mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar er óskað eftir tilboðum í framkvæmdina, „Fjölnota íþróttahús á Selfossi, byggingarvinna.“

Verkið felur í sér reisingu á fjölnota íþróttahúsi á íþróttasvæði UMFS, Engjavegi, Selfossi. Húsið sem um ræðir er stálgrindarhús á steyptum undirstöðum, flokkað sem hálfupphitað hús eða 10–18°C að undanskildum fylgirýmum við hús sem eru fulleinangruð fyrir fullupphitað hús. Aðkoma og aðstaða vallarstarfsmanna að húsi er bæði á norður- og suðurhlið, sem og snyrtingar, ræsting og sjúkraaðstaða. Snyrtingar eru alls 5 í húsinu, þar af 2 með aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Útveggir íþróttahúss og fylgirýmis eru klæddir með grjótfylltum grjótgrindum úr stáli upp í 4 metra hæð. Gaflar íþróttahúss eru klæddir með láréttri hvítri bárujárnsklæðningu upp í 4 metra hæð og mjólkurlituð 3-föld ylplata þar fyrir ofan. Þak er klætt með gráum PVC þakdúk og þakkantar með sléttri hvítri álklæðningu.

Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka.

Áætlað er að verktaki afhendi bygginguna til notkunar þann 1. 8. 2021. Sjá nánari lýsingu á áfangaskiptingu verksins í útboðsgögnum.

Sveitarfélagið ÁRBORG

Okkar ástkæra

Margrét Friðriksdóttir,
áður Eyravegi 14, Selfossi
lést á hjúkrunarheimilinu
Ljósheimum, Selfossi,
23. júlí sl.

Hún verður jarðsungin frá Selfosskirkju
miðvikudaginn 7. ágúst kl. 14:00.

Sesselja S. Bjarnadóttir **Jón Sveinbergsson**
Sigurður Bjarnason **Sigríður Sveinsdóttir**
Harpa Bjarnadóttir **Valur Helgason**
Friðrik Bjarnason **Guðrún H. Ívarsdóttir**
Kristín Hanna Bjarnadóttir
og fjölskyldur

Innilegar þakkir fyrir samúð og
hlýhug vegna andláts og útfarar
Leifs Østerby Christensen
rakara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Ljósheima
fyrir frábæra umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda
Svandís Jónsdóttir.

Blómstrandi dagar verða í Hveragerði 15.–18. ágúst:

Frábær tónlistarveisla og líflegt í bænum

Skemmtileg stemning er í Hveragerði þegar hin árlega bæjarhátíð Blómstrandi dagar fer fram. Í ár er metnaðarfull og fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna og margt í boði, listsýningar, markaðstorg með grænmeti, handverki og bókum og opnar vinnustofur og gallerí hjá fjölmörgum listamönnum. Fjölskyldudagskrá verður á laugardeginum í Lystigarðinum þar sem m.a. koma fram félagar í Hljómlistarfélagi Hveragerðis, Sveppi og Villi, Flækjuleikhópurinn og fleiri. Leikhópurinn Lotta sýnir í Lystigarðinum á sunnudeginum og er öllum boðið á sýninguna. Einnig má skemmta sér í veltibílnum, aparólu o.fl.

Ísdagurinn með mikið aðdráttarafl

Ísdagurinn hefur mikið aðdráttarafl en í ár fagnar Kjörís 50 ára afmæli. Það verður án efa gaman að smakka allskyns furðubrögð og fleiri tegundir. Kjörís býður upp á skemmtidagskrá á sviði þar sem m.a. Ingó, Herra Hnetusmjör, Daði Freyr, Birna, Lalli töframaður o.fl. koma fram.

Hin árlega kraftakeppni með Hjalta Úrsus verður einnig á sínum stað. Þjónustufyrirtæki í bænum bjóða upp á fjölbreytta dagskrá og má þar nefna tónlistardagskrá við Matkrána og í Skyrgerðinni, markaði við Hverablóm og hjá Flóru garðyrkjustöð og Blómagleði og pub quiz í Rósakaffi.

Vönduð tónlistardagskrá verður alla dagana þar sem landsfrægir tónlistarmenn koma fram. Djassband Ómars Einars kemur fram á fimmtudagskvöldinu í Skyrgerðinni og Heimir Eyvindarson og hljómsveit býður okkur upp á 90´s Nostalgíu á föstudagskvöldinu. Söngdívurnar SB systur, Selma Björns, Sigga Beinteins og Svala Björgvins koma m.a. fram á tónleikum í Listasafni Árnesinga á sunnudeginum.

Glæsilegir tónleikar verða fyrir brekkusöng með Lay Low og Bassa Ólafs og síðan býður Kjörís upp á tónleika með Bubba Morthens en hann mun kyrja nokkur lög fyrir brekkusönginn sem Einsi Guðjóns stýrir í ár.

Að lokum verður stórglæsileg flugeldasýning sem enginn má missa af. Hljómsveitin Made In Sveitin leikur síðan á Blómadansleiknum sem verður á Hótel Örk.

Það er tilvalið að heimsækja bæinn og njóta þess sem er í boði. Allir eru boðnir velkomnir.

Sjá nánar á www.hveragerdi.is og á Blómstrandi dagar í Hveragerði á Facebook.

Kæru Sunnlendingar!

Við í Apóteki Suðurlands ætlum að hafa opið:

Fimmtudaginn	1. ágúst	9-20
Föstudaginn	2. ágúst	9-20
Laugardaginn	3. ágúst	10-16
Sunnudaginn	4. ágúst	LOKAÐ
Mánudaginn	5. ágúst	12-16

Gleðilega verslunarmannahelgi og góða heimkomu

APÓTEK SUÐURLANDS
Austurvegi 24-26 · Selfossi · S. 482 1182

Gagn og gaman, 2. hefti komið í verslanir

Lestrarbókin *Gagn og gaman*, 2. hefti hefur verið endurútgefin en þessi vinsæla bók hefur verið ófáanleg um áratuga skeið. Það er Bókaútgáfan Sæmundur sem gefur út en áður hafði Sæmundur gefið út 1. hefti af Gagni og gamni og hlaut sú útgáfa afburða viðtökur lesenda.

Gagn og gaman kom fyrst út haustið 1933 og þá í einu hefti. Bókin var samvinnuverkefni Ísaks Jónssonar og Helga Elíassonar sem fengu Tryggva Magnússon listmálara til að gera teikningar. Bókin var þá enn í mótun og við endurskoðun hennar árið 1941 var henni skipt í tvö hefti. Með nýrri og breyttri útgáfu árið 1955 var fyrra heftið prentað í lit. Var það fyrsta skyldunámsbók landsmanna sem var litprentuð. Þórdís dóttir Tryggva teiknaði nýjar myndir við þá kafla sem bætt var við. Seinna heftið var litprentað 1959. Var verkið þá komið í endanlega gerð.

Gagn og gaman var áhrifarík kennslubók. Hún var nær einráð við lestrarkennslu yngstu barna í hálfa öld. Bókin byggðist á hljóðaðferð við lestrarkennslu sem þar með var innleidd í íslenskum skólum. Talið er að um 200 þúsund eintök hafi verið prentuð af fyrra hefti bókarinnar og 120 þúsund eintök af því síðara. Bækurnar voru ófáanlegar um rúmlega 30 ára skeið, en fyrra heftið kom aftur út haustið 2017. Gagn og gaman, 2. hefti, er framhaldslesbók þar sem áhersla er lögð á að æfa stafasambönd, samanber ábendingar neðanmáls. Nokkur þyngdarmunur er á heftunum og því voru börnin oft látin æfa sig á léttu lesefni áður en byrjað var á síðara heftinu.

Gagn og gaman, 2. heftið, er hér gefið út til að vekja athygli á merkri lestrarkennslubók. Margt hefur breyst frá því bókin var almennt notuð og er hún því einnig skemmtilegur aldarspegill og góð heimild um veröld sem var.



Brúarhlaup Selfoss 2019

Laugardaginn 10. ágúst

5 km og 10 km hlaup, 2,8 km skemmtiskokk, 800 m Sprotahlaup og 5 km skemmtihjólreiðar

Sprotahlaupið
Sprotahlaupið er fyrir alla krakka 8 ára og yngri. Hlaupið er 800 metrar og er lagt af stað úr Miðbæjargarðinum á Selfossi kl. 12:30. Allir þátttakendur í hlaupinu fá þátttökupening og Sprotabol.

Tímasetningar/ræsingar:
Hlauparar í 10 km - kl. 11:30 á Ölfusárbrú.
Hlauparar í 5 km - kl. 12:00 undir/við Ölfusárbrú.
Keppendur í 5 km skemmtihjólreiðum - kl. 11:00 undir/við Ölfusárbrú.
Keppendur í 2,8 km skemmtiskokki - kl. 11:30 í Miðbæjargarðinum.
Allir þátttakendur koma í mark í miðbæ Selfossi. Allar hlaupaleiðir eru löggildar og mældar upp af viðurkenndum aðila. Tímataka er í öllum vegalengdum (flögur í 5 km og 10 km), bæði hlaupum og hjólreiðum.

Flokkaskipting og verðlaun:
Flokkaskipting er í 5 og 10 km hlaupi og eru veittir verðlaunapeningar fyrir 1.–3. sæti í hverjum aldursflokki. Einnig fyrir 1.–3. sæti óháð aldri, karla og kvenna, í hvorri vegalengd. Verðlaunapeningar eru veittir fyrir 1.–3. sæti í 2,8 km hlaupi og hjólreiðum, í karla og kvennaflokki.
Að auki verða dregin út útdráttarverðlaun, úr hópi keppenda og þeim heppnu afhent þau um leið og þeir koma í mark. Verðlaunaafhending fer fram í miðbæjargarði Selfoss, við endamark hlaupsins, kl. 13:00.

Skráningargjöld (forskráning/eftir forskráningu):
1.500/2.000 kr. fyrir 16 ára og eldri - 2,8 km, 5 km og hjólreiðar.
1.000/1.500 kr. fyrir 15 ára og yngri - 2,8 km, 5 km og hjólreiðar.
1.000/1.500 kr. fyrir 8 ára og yngri - Sprotahlaupið.
3.500/4.500 kr. fyrir alla þátttakendur í 10 km hlaupi.
Veittur er fjölskylduafsláttur þannig að hjón borga fullt gjald, fyrir sig og tvö börn, en ef um fleiri börn er að ræða fá þau frítt.

Skráning fer fram á hlaup.is og í Landsbankanum á Selfossi. Einnig á hlaupadag frá kl. 09:00 í Landsbankanum á Selfossi. Forskráningu lýkur á netinu á hlaup.is, föstud. 9. ágúst kl. 16:00.

Afhending keppnisgagna:
Þeir sem ekki vilja fá bol merktan hlaupinu geta afþakkað hann í forskráningu og lækkar þá keppnisgjaldið um 500 kr. Bolirnir eru úr dry-fit efni sem notað er í hlaupafatnað. Í Sprota hlaupinu er bolir merktir Sprota og fá allir þátttakendur þar bol. Ekki er hægt að afþakka bol í því hlaupi gegn lækkun keppnisgjalds. Afhending keppnisgagna, er á hlaupadag við Landsbankann á Selfossi, frá kl. 09:00. Allir þátttakendur fá við skráningu keppnisbol og verðlaunapening við komu í mark.

Frítt í sund eftir hlaup
Keppendur fá frítt í sunda eftir hlaup, í boði Sveitarfélagsins Árborgar, gegn framvísun keppnisnúmers. Úrslit verða birt á hlaup.is. Frekari uppl. gefur Helgi S. Haraldsson, helgihar@simnet.is og í síma 825 2130.

Kari úrsmiður Selfossi
Sundhöll Selfoss Kobbi Kútur
UMF Selfoss 1936 Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss
Kjöris
POWERADE
EB KERFI
EIMSKIP
Sveitarfélagið ÁRBORG
MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI
Guðmundur Tyrfingsson
prentmet HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

Í nafni þínu

„Í nafni þínu“ er yfirskrift tónleika á *Englar og menn* í Strandarkirkju sunnudaginn 4. ágúst nk. kl. 14. Þar koma fram Valgerður Guðnadóttir, Helga Laufey Finnbogadóttir pianóleikari, og Guðjón Þorláksson kontrabassaleikari. Á efnisskránni eru íslensk og evrópsk þjóðlög ásamt tónlist eftir Magnús Eiríksson, Hilmar Oddsson, Helgu Laufeyju Finnbogadóttur, Rodgers og Hammerstein, Cole Porter, Kurt Weil o.fl.

Guðjón, Helga Laufey og Valgerður.

Ferðamenn ánægðastir með Suðurland

Ferðamálastofa gefur mánaðarlega út skýrsluna Ferðaþjónusta í tölum. Í skýrslunni sem kom út núna í júlí 2019 kemur fram að ferðamenn eru ánægðastir með heimsókn sína á Suðurland í samanburði við aðra landshluta. Könnunin er netkönnun Ferðamálastofu á meðal erlendra ferðamanna og er hluti af landamærakönnun.

Alls voru 4,81, að meðaltali, á fimm punkta kvarða ánægðir með heimsókn sína á Suðurland. Í öðru sæti er Norðurland með 4,69 stig. Síðustu tvö sætin verma Reykjavík með 4,42 stig og Reykjanes með 4,38 stig.

Alls kusu 73% ferðamanna að ferðast um Suðurland 2018. Suðurland vermir annað sætið sem fjölmennasta ferðamannasvæðið, en aðeins Reykjavík er hærri með 92,7% heimsókna. Reykjanes er næst á eftir Suðurlandi með 56,3% heimsókna.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands
Opnunartími í sumar miðvikudaga kl. 10–14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

TIL LEIGU

Herbergi til leigu
Tveggja manna herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði í Tjarnarbyggð í Árborg til leigu frá 14. september. Upplýsingar í síma 698 3413

GEFINS

Prjónavélagarn
Prjónavélagarn fæst gefins. Upplýsingar í síma 868 8106 eða 487 4641.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM
Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir, spegla og fleira.
Annast einnig sólpallasmíði.
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

Sláttur / Hellulagnir / Heimilisþrif
Tökum að okkur slátt, hellulagnir, alla garðvinnu og heimilisþrif. Teppahreinsum og djúphreinsum sófasett. Sanngjarnt verð. Sími 769 1037.

SMÁAUGLÝSINGAR

Smáauglýsingar í Dagskránni eru kjörin leið til að koma þjónustu og upplýsingum á framfæri. Ertu með herbergi á leigu? Þjónustu eða eitthvað til að gefa? Auglýsingasíminn er 482 1944. Gott verð!

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta sunnudagainn 4. ágúst kl 11. Séra Skírnir Garðarsson þjónar fyrir altari og predikar. Sungnir verða sálmar við undirleik Jóns Bjarnasonar organista. Elfa Rún Kristinsdóttir leikur barrokktónlist á fiðlu. Allir velkomnir

Safnaðarheimili Aðventista
Safnaðarheimili Aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 3. ágúst. Biblíurannsókn kl 11. Guðsþjónusta kl. 12 með ræðu verður Björgvin Snorrason.

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Hugurinn, líkaminn og sálin
Jákvæðar hugsanir breyta deginum
Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Núvitund
Sími 6932197
Ragnhildur Sigurðardóttir
Cand mag í íþróttafræðum
Jákvæð sálfræði
Ham, Yoga, NLP Master/Coach
www.thesunflower.is

TIL SÖLU

Vegristar - Pípuhlið
Til sölu vegristar (pípuhlið) 4m x 2,5m. Tilvalið í heimkeyrslur, afleggjara, einkavegi eða inn á túnin. Verð er 297.500 kr. + vsk. Sjáum um flutning á staðinn fyrir hagstætt verð. Upplýsingar Sæblær ehf. sími 899 2202 eða 862 1909.

prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA
Almenn Prentun
S. 482 1944
selfoss@prentmet.is

Verslunarstarf - framtíðarstarf

Sérverslun á Selfossi óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Byrjunarlaun samkvæmt kjarasamningi. Áhugasamir skili inn umsókn ásamt ferilskrá í lokuðu umslagi, merkt *Verslunarstarf* á skrifstofu Dagskrárinnar, Eyravegi 25 á Selfossi, fyrir 10. ágúst næstkomandi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Framtíðarstarf.

Sumartónleikar í Skálholti 3. og 4. ágúst

Barokkbandið Brák.

Nú líður að síðustu helgi Sumartónleika í Skálholti en þá koma fram annars vegar listamennirnir Elfa Rún Kristinsdóttir, Sabine Erdmann og Magnus Andersson og hins vegar Barokkbandið Brák.

Biber & Schmelzer – Elfa Rún, Sabina og Magnus

Elfa Rún Kristinsdóttir, einn helsti sérfræðingur í flutningi barokktónlistar meðal Íslendinga í dag og fastagestur á Sumartónleikum, snýr aftur til Skálholts og leikur sónötur frá 17. öld eftir tónskáldin og fiðluvirtúósana Biber og Schmelzer, ásamt nokkrum minna þekktum samtímamönnum þeirra. Elfa Rún hefur lengi búið í Þýskalandi og mætir nú með kollegum sínum, semballeikarann Sabine Erdmann og Magnus Andersson sem spilar á teorbu, strengjahljóðfæri sem var vinsælt á barokktímanum. Seinna á árinu er væntanlegur geisladiskur með sömu verkunum í flutningi þessara listamanna, gefinn út af Solaire Records og eru tónleikar núna um helgina tilvalið tækifæri að heyra barokkperlur í lifandi flutningi.

Tónleikarnir verða laugardaginn 3. ágúst kl. 14:00 og sunnudaginn 4. ágúst kl. 16:00

Þurí og Corelli – Barokkbandið Brák

Barokkbandið Brák endurspeglar í efnisskránni þessu sinni allt það besta sem Sumartónleikar hafa upp að bjóða: þau munu ferðast fram og aftur í tíma og flytja tríósónötur eftir Corelli, hljómsveitarverk eftir Avison og Scarlatti, sem og einleiks- og kammerverk frá 20. öld. Það lítur út fyrir að hápunktur hátíðarinnar hafi verið geymdur þangað til síðustu tónleikahelgina því á tónleikunum munu Brák frumflytja nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur, staðartónskáld Sumartónleika.

Brák hefur verið starfrækt frá árinu 2014, en bandið var stofnað af fiðluleikurunum Laufeyju Jensdóttur, Guðbjörgu Hlín Guðmundsdóttur og Elfu Rún Kristinsdóttur sem er jafnframt listrænn stjórnandi. Hljómsveitin var þá skipuð hópi ungs fólks sem hefur sérhæft sig að hluta til í upprunaspilamennsku í námi erlendis, en hefur síðan þá verið í stöðugu toppformi og kemur sífellt á óvart.

Tónleikarnir verða laugardaginn 3. ágúst kl. 16:00 og sunnudaginn 4. ágúst kl. 14:00.

Enginn aðgangseyrir er tekinn að tónleikum en tekið er á móti frjálsum framlögum.



Elfa Rún Kristinsdóttir.



Þuríður Jónsdóttir.

Aðför að íslenskri menningu

Laxabakki er fallegt hús með mjög hátt varðveislugildi. Um þessar mundir er, að frumkvæði Minjastofnunar Íslands, í gangi friðunarferli á húsum og tilheyrandi lóð enda myndar það tvennt samofna heild í tilfelli Laxabakka. Þetta hús þar sem það kúrir á Sogsbökkum hefur einnig löngum skipað sérstakan sess í hugum landsmanna. Undanfarnar vikur hafa núverandi eigendur og umsjónarmenn Laxabakka, Íslenski bærinn ehf., markvisst unnið að fyrsta áfanga í björgun þessara þjóðarverðmæta.

Nú gætu lesendur haldið að fallega húsinu við Sogið og tilheyrandi landspildu bíði björt framtíð og innan skamms geti landsmenn komið á staðinn og notið þar einstakrar fegurðar og skoðað húsin sem þá hafi verið endurreist í upprunalegri mynd og náð fyrri reisn. Þessi sviðsmynd er því miður enn ekki í augsýn. Næstu nágrannar, Héraðsnefnd Árnesinga og Landvernd, sem gína sameiginlega yfir mörghundruð hekturum lands ásælast enn þessa eign og reyna með öllum ráðum að tefja eðlilegan framgang björgunaraðgerða, nýtingu þeirrar litlu lóðar sem húsunum fylgir og ganga fram með linnulausum yfirgangi og áreiti í garð eigenda og velunnara Laxabakka. Nú síðast hótar Héraðsnefnd Árnesinga, sbr. bókun 10. maí sl. og greint var frá í Dagskránni þann 24. júlí, að höfða mál gegn eigendum Laxabakka í því skyni að ná undir sig lóðinni og koma í veg fyrir frekari aðgerðir við björgun og uppbyggingu á húsum og tilheyrandi lóð.

Gjafagerningur

Aðkoma Héraðsnefndar Árnesinga og Landverndar að þessu landssvæði er með þeim hætti að í ársbyrjun 1973 býður Magnús Jóhannesson bóndi á Alviðru í Ölfushreppi þáverandi sýslunefnd Árnesinga og Landvernd til sameiginlegrar eignar jarðirnar Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnes II í Grímsnes- og Grafningshreppi. Magnús vildi síðan draga þessa gjöf til baka, vafalaust af gildum ásæðum, en þá stefndi sýslunefndin og Landvernd Magnúsi fyrir dómsstóla og hafði endanlega af honum jarðirnar og var gjafabréfinu í kjölfar þess þinglýst 15. des.

Ólafur Lárusson forstöðumaður Íslenska bæjarins í Flóahreppi.

1975. Þessar „gjafajarðir“ tvær ásamt húsum hafa löngum liðið fyrir mikla vanrækslu og hirðuleysi gjafaþegana tveggja.

Þegar þessi gjafagerningur var knúinn fram voru fyrir þrjár skilgreindar sumarbústaðalóðir í landi Öndverarness II sem stofnað hafði verið til á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Þessara lóða er hvergi getið í gjafabréfi Magnúsar og falla utan umræddrar gjafar, enda má ætla að um eignarlóðir hafi verið að ræða sem auglóslega væri ekki heimild til að gefa eða ráðstafa. Ein þessara lóða er lóð Laxabakka stofnuð af Ósvaldi Knudsen 1942 í samráði við Árna Jónsson þáverandi bónda, (og tengdaföður Magnúsar Jóhannessonar) í Alviðru og eiganda Öndverðarness II. Ósvaldur byggði á lóð sinni afar vandað hús sem var í stöðugri notkun fjölskyldu og vinafólks áratugum saman.

Ásælni

Til að gera langa sögu stutta fór smám saman að bera á ágirnd Héraðsnefndarinnar og Landverndar til húsa og tilheyrandi lands á Laxabakka, og gengið svo langt að viðurkenna hvorki lögmæti þinglýstra skjala um eignarhald né viðurkenna afmörkun lóðarinnar eins og hún var sett niður árið 1942. Þessi ásælni hefur svo smám saman leitt til þess að eigendur höfðu ekki getað sinnt eign sinni um áratuga skeið með þeim afleiðingum að húsin voru að falli komin. Þegar sýnilegt var að stefnt gæti í menningarlegt stórslys ef húsin myndu glatast hóf Íslenski bærinn markvissar umleitanir til að bjarga þessum verðmætum.

Lögheimtan ehf. eignast Laxabakka árið 2004. Árið 2018 kaupir Íslenski bærinn ehf. síðan umrædda eign með öllu sem henni tilheyrir af Lögheimtunni, hús og 1 hektara eignarlóð, og varð þar með þinglýstur eigandi Laxabakka með það markmið að leiðarljósi að bjarga þeim ótvíræðu menningarverðmætum sem í eigninni felast. Þessi markmið hafa þó ekki haft nein áhrif á framgöngu fulltrúa Héraðsnefndar Árnesinga og Landverndar, sem virðast nú ætla að gera alvöru úr því að reyna að ná til sín þessum eina hektara og fjármagna með almannafé aðför að eigendum Laxabakka, og þá væntanlega um leið höfða mál gegn eigendum hinna tveggja sumarbústaðalóðanna á svæðinu. Hið afar vafasama dómsmál gæti tafið eðlilega uppbyggingu að Laxabakka mánuðum og jafnvel árum saman.

Sviðsmyndir

Íslenski bærinn hefur, í nánu samráði við Minjastofnun Íslands, þegar hafist handa við björgun Laxabakka. Allar innréttingar og innviðir húsanna hafa verið tekin niður, merkt kerfisbundið og viðgerð hafin á gluggum og innanstokksmunum. Markvissar áætlanir liggja fyrir um framhaldið, sem byggja á skýrri framtíðarsýn um nýtingu Laxabakka í almannaþágu. Á þessu stigi verður þó ekkert hægt að aðhafast frekar og því er nú búið að pakka Laxabakka inn ásamt þeim verðmætum sem í honum felast um óákveðinn tíma.

Fulltrúar Héraðsnefndar Árnesinga og Landverndar hafa látið hafa eftir sér opinberlega að þeir styðji verndun og uppbyggingu Laxabakka. Þvert á móti er sannleikurinn sá að þessir aðilar hafa aldrei komið þar nálægt verndun eða viðhaldi hvorki á húsum né tilheyrandi lóð, þrátt fyrir ítrekaðar og óviðeigandi yfirlýsingar um eignarhald. Aðkoma þessara aðila hefur einungis verið á einn veg; að koma í veg fyrir uppbyggilegar aðgerðir, m. a. með því að neita að skrifa undir lóðablað, halda uppi þráhyggjukenndum dylgjum um meint eignarhald og koma þannig í veg fyrir eðlilegan framgang framkvæmda- og byggingarleyfa, aðgengi að rafmagni og vatni, aðkomuleið og nauðsynlega vinnuaðstöðu. Þau hafa gengið svo langt að bjóða, með formlegum hætti, Íslenska bænum að afsala sér eignarhaldi á Laxabakka til Héraðsnefndarinnar og Landverndar svo þessir sömu aðilar geti síðan aftur leigt hluta af lóðinni til Íslenska bæjarins.

Nú stendur yfir friðunarferli á húsum og lóð Laxabakka. Mögulegt er að ef það ferli gengur í gegn takist að rjúfa umsátrið og Héraðsnefnd Árnesinga og Landvernd sjái sitt óvænna, dragi sig alfarið út úr neikvæðum afskiptum af þessu máli, viðurkenni lögmætt eignarhald og styðji menningar- og minjavernd í verki.

Laxabakki nýbyggður í júlí 1943.

Hinn möguleikinn er sá að Héraðsnefnd Árnesinga ásamt Landvernd láti verða af hótunum um að draga Íslenska bæinn, eigendur og velunnara Laxabakka, fyrir dóm og setji þar með þessi verðmæti í gíslingu um árabil og sói um leið almannafé engum til gagns. Þetta yrði ekki bara aðför að Íslenska bænum og eigendum Laxabakka heldur um leið aðför að íslenskri menningu.

Ólafur Lárusson, forstöðumaður Íslenska bæjarins í Flóahreppi.

Laxabakki innpakkaður um óákveðinn tíma, júlí 2019.

ÚTBOÐ

Bjarkarland, gatnagerð og lagnir 1. áfangi 2019

Fyrir hönd Árborgar er óskað eftir tilboðum í verkið:

Bjarkarland, gatnagerð og lagnir 1. áfangi 2019.

Verkið felur í sér gatnagerð og lagnavinnu í Bjarkarlandi á Selfossi, þ.e. gröft, fyllingar, burðarlög og malbikun gatna og stíga, lagningu stofnlagna og heimæða fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fjarskiptalagna og götulýsingu.

Helstu magntölur eru:
- Gröftur 58.100 m³
- Fyllingar 65.000 m³
- Styrktar- og burðarlag 33.000 m³
- Malbik 22.900 m²
- Frárennslislagnir 4.000 m
- Vatnslagnir 2.600 m
- Hitaveitulagnir 2.300 m
- Fjarskiptalagnir 7.900 m
- Götuljósastólpar 150 stk.

Verkið er áfangaskipt þar sem 500 m af götu og botnlöngum skal skilað ómalbikuðu 15. mars 2020. Heildarverklok eru 1. júlí 2021.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá og með 30. júlí 2019. Senda skal ósk um gögn á tölvupóstfang verkis@verkis.is með verkefnisheiti, nafni fyrirtækis, heimilisfangi og síma.

Tilboðum skal skila til Verkís hf., Austurvegi 10, 800 Selfossi **fyrir kl. 11:00, 28. ágúst 2019**, en þá verða þau opnuð að viðstöddum fulltrúa verkkaupa og þeim bjóðendum sem þess óska.

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

Sveitarfélagið ÁRBORG

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2509 Miðvikudagur 31. júlí 2019

Snýst um að hreyfa bílana og hitta fólk

Á miðvikudagskvöldið 24. júlí sl. kom Fornbílaklúbbur Íslands í heimsókn til Bifreiðaklúbbs Suðurlands. „Við erum alltaf með rúnta á miðvikudagskvöldum. Ég persónulega er fyrir að hafa rúntinn lengri en skemmri. Það er fínt að renna svona hálftíma til klukkutíma út frá bænum," segir Bjarni Þór Gilsson, formaður Fornbílaklúbbs Íslands.

Aðallega að hreyfa bílana og hitta fólk

Aðspurður að því hvað standi til í kvöld segir Bjarni: „Ætli ég byrji ekki á því að kynna mér kaffikönnuna hjá þeim í Bifreiðaklúbbi Suðurlands og kanna ástandið á henni. Svo er alls óráðið hvað er framundan, segir hann brosandi. „Þetta snýst aðallega um að hreyfa bílana og hitta fólk. Í samtökunum eru ríflega 1200 meðlimir en u.þ.b. 100 sem eru mjög virkir í því að hittast og fara á rúntinn. Sá hópur er mjög þéttur og góður." Fólk tekst í hendur og fellur í faðmlög, ræðir bílana og málefni líðandi stundar. Það er ljóst á fasi fólksins að hér þekkjast flestir býsna vel.

Áhuginn frekar að aukast en hitt

Talsverður fjöldi bíla var saman kominn á planinu við Hrísholt á Selfossi. Aldursbilið var breitt á bæði fólki og bílum. „Það eru að verða ákveðin kynslóðaskipti finnst mér. Hér er tildæmis 1981 módel af Alfa Romeo með okkur í fyrsta skipti nú í kvöld. Mönnum fannst það ekki fornbíll fyrir 10 árum. Var bara á leiðinni í brotajárn. Það eru margir svipaðir liggjandi víða í skúrum og menn að draga þetta í gang. Þá er gott að vera umvafinn fólki sem er með svipað blæti og sem getur miðlað af reynslunni," segir Bjarni að lokum -gpp

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51- Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN
Kennslustofa 60
SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn – Sími 483 1955 – www.sbskilti.is

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Raf- og Kæli-
þjónustan ehf.
Sími
660 2970
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaviðgerðir
• Almennar raflagnir

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990
Verslum við litla manninn

hádegistilboð
2ja rétta 3.490
12:00-16:00
Hafið Bláa
restaurant with a view
The Blue Sea
hafidblaa.is • 483-1000
hafidblaa@hafidblaa.is
opið 12:00-21:00 alla daga

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar
Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 -17

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is